

Markmiðið þessarar ritgerðar er að rannsaka hvort mögulegt sé að setja skynsamlega reglu um milliliðalaust lýðræði (beint lýðræði) á sveitarstjórnarstigi þ.e. hvort hægt er að setja skynsamlegan “ramma” sem stendur vörð um rétt borgara til að málum sem þá varðar án þess þó að ganga of langt á fulltrúalýðræðið.

Alheimsvitundin og þjóðfélagið tekur stöðugum breytingum sem og hugmyndir um rétt og stöðu einstaklinga til að taka þátt og hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda í lýðræðisríkjum. Það má skilgreina lýðræði sem alræði fjöldans og þátttöku íbúa í ákvarðanatöku en í mínum huga snýst lýðræði um að fólk hafi áhrif á þá hluti sem raunverulega varðar það miklu. Þau orð sem oftast eru notuð í tengslum við “lýðræði” eru t.d. *fulltrúalýðræði*, *þáttökulýðræði* eða *beint lýðræði* og *íbúalýðræði*. Hugtakið “íbúalýðræði” tilheyrir frekar sveitarstjórnarstiginu en er nátengt hugmyndinni um aðkomu þjóðarinnar hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Umfjöllun um þróun lýðræðis innanlands helst í hendur við umfjöllun um stöðu þjóðríkja á alþjóðavettvangi. Í því samhengi þarf að líta á þá alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og þær grundvallarreglur sem þar er að finna. Áhrif alþjóðasamninga hafa aukist og samvinna milli landa verður æ meiri sem gerir samanburð við önnur lönd óhjákvæmilegan.

Sveitarfélög (sveitarstjórnir) eru talin einn af helstu hornsteinum hvers lýðræðislegs stjórnarfars. Meginreglan um sjálfstjórn sveitarfélaga er viðurkennd í stjórnarskránni (sbr. 78.gr.stjskr.). Niðurstaða ritgerðarinnar leiðir í ljós að lagaleg heimild er fyrir sveitarstjórnir að setja skynsamlega reglu um milliliðalaust lýðræði á sveitarstjórnarstigi. Næstu skref sem tekin verða í þróun íbúalýðræðis eru því í höndum sveitarstjórna landsins.

The object of this thesis is to explore the possibility of creating a sensible rule of direct democracy at local authority level i.e. if a “frame” can be made, describing the right of citizens to participate in the conduct of public affairs that directly affect them, without creating too much pressure on the representative democracy.

The society is constantly evolving and as well as the concept of the right of the individual to participate in decision-making in democracies. Democracy can be defined as the power of the people as well as the participation of the people in decision-making. One can say that democracy is about people having influence in matters that really concern them. Words that are frequently used describing democracy are e.g. representative, participation or direct and local democracy. The concept of *local democracy* is associated with the local authority level but it is connected to the concept of direct democracy i.e. the institution of referendum.

Discussions of the development of democracy at local level are similar to discussions of state sovereignty at international level. International agreements in which Iceland is a member of must therefore be concerned. The impact of international agreements is increasing as well as cooperation among states and therefore a comparison of legislation (constitutions) is inevitable.

Local authorities are considered as one of the main foundations of any democratic regime. The principle of local self-government is recognised in the constitution of Iceland (art. 78.). The conclusion of this thesis is that there are legal premises for the local authorities to make a sensible rule of direct democracy. The future development of local democracy is therefore in the hands of local authorities.